

121.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn 30.maí kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólms

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Sigurður A. Þórarinsson fulltrúi, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans Elín Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara, og Haukur Garðarsson fulltrúi og Auður Vésteinsdóttir fulltrúi Helgafellssveitar.

Formaður setti fund klukkan 17:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra GSS kl. 17:00

Maípunktar GSS

Sjá fylgiskjal.

a. Skólaslit – undirbúningur næsta skólaárs

Undirbúningi er lokið og allar stöður mannaðar.

Farið yfir mannabreytingar sem verða á næsta skólaári

b. Skóladagatal 2012 – 2013

Skóladagatalið er til. Fyrirkomulag hefur verið rætt við leikskólastjóra og tónlistarskólastjóra. Ekki gekk að samræma starfsdaga þar sem að starfsmenn leikskóla ætla að sækja ráðstefnu sem er haldin í september og það hentar GSS ekki vegna samræmdra prófa.

Umræða um frídaga á skóladagatali.

c. Niðurstöður ytra mats – umbótaáætlun

Skólastjóri er ánægður með niðurstöðu ytra mats og þakklátur fyrir að fá að taka þátt. Ytra matið kom ekki á óvart. Vinna við umbætur er að hefjast og hefur Eypór Benediktsson verið tilnefndur sem yfirmaður umbótaáætlunar sem búið er að setja upp og hefist vinna við hana í sumar.

Umræður um eftirfylgni við umbætur og hvort samband sveitarfélaga komi eitthvað að því.

d. Önnur mál

i. Nemendadagur

Á nemendadegi eru tekin þrif í bænum skv. skipulagi sem var stuttlega kynnt.

ii. Skólalóðin

Búið er að ákveða að fara í endurbætur á skólalóð og hefur Hermann Ólafsson frá Landhönnun Selfossi verið fengin til að hanna svæðið og er reiknað með að það verði byrjað á framkvæmdum í júlí. Æskilegt væri að framkvæmdum væri lokið fyrir skólabyrjun.

iii. Skólahandbók

Kynnt voru drög að Skólahandbók sem er unnin undir stjórn Elínar Kristinsdóttur, deildarstjóra .

2. Skýrsla leiksskólastjóra kl. 18:00

a. Starfsdagur

Leikskólinn sækir um að fá fjórða starfsdaginn frá næstu ármótum. Í flestum sveitarfélögum eru leikskólar komnir með fjóra starfsdaga og upp í sex starfsdaga í stærstu sveitarfélögunum.

Ályktun:

Skólanefnd leggur til að leikskólanum verði veittur fjórði starfsdagurinn

Skólanefnd ítrekar þó að fjórði starfsdagurinn valdi foreldrum og börnum eins litlum óþægindum og hægt t.d. að honum verði skipt í tvennt og starfsdagur byrji kl 14:00 og að leitast verði við að þessir dagar séu á þeim dögum sem að starfsdagar eða prófdagar séu í gangi í grunnskólanum

b. Inntökureglur.

Vegna fjölda ungra barna þá verður að breyta inntökureglum til þess að tryggja það að eldri börnin hafi forgang. Því viljum við leggja þessar reglur fram til samþykktar.

Farið var yfir tillögur að nýjum inntökureglum. Gerðar smávægilegar breytingar og tillögur samþykktar.

c. Umsóknir.

Mikill fjöldi umsókna hefur borist, farið verður í viðtöl og ráðningar sem fyrst.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir ráðin sem deildarstjóri. Aðalheiður Sigurðardóttir ráðin í 80%. Sigurlína Sigurbjörnsdóttir ráðin í 60% stöðu. Kolbrún Ýr Ólafsdóttir ráðin í 100% stöðu. Sigurlín Sumarliðadóttir ráðin í 100% stöðu tímabundið í 1 ár. Þórkatla Valþórsdóttir og Elín Ragna Þórðardóttir eru tímabundið í afleysingum fram að sumarleyfum.

d. Opið hús

Opið hús var 27.apríl og tókst mjög vel. Fjöldi fólks kom og fagnaði með börnum og kennurum.

e. Skóladagatal.

Skóladagatal var lagt fram á fundinum. Starfsdagar verða 13.-14. september þar sem farið verður á ráðstefnuna „Early childhood“ í London.

f. Könnun til foreldra og forráðamanna

Kynnt var könnun sem hefur verið dreift til foreldra og forráðamanna og er hluti af umbótaáætlun leikskólans

g. Starfslok

Hún Stína okkar er að hætta á morgun eftir 30 ár í leikskólanum. Hún verður kvödd með pompi og pragt.

h. Námskeið í næstu viku

Í næstu viku, 7.-8. júní, fara starfsmenn leikskólans á námskeið hjá Önnu Lind Pétursdóttur og verður leikskólinn lokaður á meðan á því stendur.

3. Önnur mál

a. Erindisbréf Skólanefndar

Formaður ræddi um erindisbréf Skólanefndar og minnti fulltrúa á réttindi þeirra og skyldur.

b. Skólaráð GSS

Farið verður í þá vinnu að skoða með hvaða hætti skólaráð starfar en það er mjög misjafnt á milli skóla. Í framhaldi að því leggur skólastjóri GSS til nýtt fyrirkomulag á fundum Skólanefndar til að fundir nýtist betur. Þ.e. sameiginlegir fundir 2-3 á ári og svo fundir þar sem leikskólastjóri mætir í annað skiptið en grunnskólastjóri mæti í hitt skiptið. Þetta verður tekið á næsta skólanefndarfundi en síðasti fundur skólanefndar þetta skólaárið verður haldinn í júní.

Fundi slitið kl 18:40

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, (sign),
Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, (sign),
Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),
Haukur Garðarsson, fulltrúi, (sign),
Sigurður A. Þórarinsson, fulltrúi, (sign),
Elín Pálsdóttir, áheyrnarfulltrúi kennara leikskóla, (sign),
Auður Vésteinsdóttir, áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar, (sign).